

Þingskjal 7

Tillaga til lagabreytinga

- Aðild að KSÍ -

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerktar**.
Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

1. grein – Heiti og staðsetning

- 1.1 Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er samband ~~héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga~~ **aðildarfélaga** innan **íþróttahéraða og** ÍSÍ, sem iðka og keppa í knattspyrnu.
- 1.2 Aðsetur og varnarþing KSÍ er í Reykjavík.
- 1.3 Merki KSÍ er eign KSÍ og verndað af vörumerkjarétti. Merki KSÍ er í íslensku fánalitunum.
- 1.4 Fáni KSÍ er hvítur með merki KSÍ í miðju.

IV. KNATTSPYRNUÞING

10. grein - Réttur til þingsetu

- 10.1 Knattspyrnuþingið sitja fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ. Aðildarfélög KSÍ skulu eftir fremsta megni tilnefna fulltrúa þannig að tekið sé mið af jafnri stöðu kynja.
- 10.2 Fulltrúafjöldi aðildarfélaga ákvarðast af þátttöku þeirra í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:
 - a. Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í efstu deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar.
 - b. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar.
 - c. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 2. deild karla á komandi leiktíð, komi 2 fulltrúar.
 - d. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í neðri deildum karla og/eða kvenna á komandi leiktíð en um getur í liðum a.-c., komi 1 fulltrúi, enda hafi það tekið þátt í Íslandsmóti meistaraflokks (sjálfstætt eða í sameiginlegu liði) síðustu fimm leiktíðir samfleytt.
 - e. fyrir sameiginlegt lið félaga komi fulltrúar sbr. a.-d., sem skiptast milli félaga sem standa að liðinu, skv. samkomulagi þeirra á milli ella fellur réttur til fulltrúa niður.

Fulltrúafjöldi aðildarfélags skal einungis ákvarðast af einum þeirra liða a. til e. sem gefur flesta fulltrúa. Félag sem ekki tefldi fram í móti á vegum KSÍ á síðasta keppnistímabili að minnsta kosti einu liði í yngri flokkum (3. – 6. flokk), getur að hámarki verið með einn fulltrúa.

- 10.3 Skrifstofa KSÍ skal senda kjörbréf til aðildarfélaga eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Aðeins sá, sem skráður er á kjörbréf, sem staðfest hefur verið af formanni aðildarfélags eða meirihluta stjórnar þess, er kjörgengur fulltrúi þess á knattspyrnuþingi og fer með atkvæðisrétt.
- 10.4 Hver þingfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ekki er heimilt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis. Kjörnir fulltrúar í stjórn KSÍ, varafulltrúar þeirra og kjörnir fulltrúar úrskurðarnefnda og dómstóla geta ekki farið með atkvæðisrétt á ársþingi.
- 10.5 Félög sem eru í skuld við KSÍ miðað við síðustu áramót, missa rétt til þingsetu. KSÍ skal tilkynna þeim félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing að félagið fái ekki kjörbréf nema eldri skuldir séu gerðar upp. Kjörnefnd skal ganga úr skugga um, að þessu ákvæði sé framfylgt.
- 10.6 Á knattspyrnuþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
 - a. Stjórnarmenn KSÍ.
 - b. Framkvæmdastjóri KSÍ.
 - c. Tveir fulltrúar samtaka knattspyrnudómara.
 - d. Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.
 - e. Tveir fulltrúar Íslensks Toppfótbolta.
 - f. Tveir fulltrúar Leikmannasamtaka Íslands.
 - g. Tveir fulltrúar Hagsmunasamtaka knattspyrnukvenna
- 10.7 Jafnframt hafa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi:
 - a. Heiðursformenn KSÍ.
 - b. Kjörnir fulltrúar landsfjórðunga.
 - c. Nefndarmenn fastanefnda KSÍ.
 - d. Dómarar í dómstólum KSÍ.
 - e. Endurskoðandi reikninga KSÍ og skoðunarmenn.
 - f. Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ.
 - g. Einn fulltrúi stjórnar hvers ~~héraðssambands~~ **íþróttahéraðs** þar sem knattspyrna er iðkuð.
 - h. Einn fulltrúi ráðuneytis íþróttamála.
- 10.8 Auk þess getur stjórn KSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu og veitt þeim heimild til að ávarpa þingið.

VIII. KNATTSPYRNUMÓT

41. grein - Knattspyrnumót

- 41.1 Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttökuliðum skipt í 7 deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum, 4. deild 10 liðum, 5. deild 16 liðum sem leika í tveimur riðlum og Utandeild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í sex efstu deildunum.
- 41.2 Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttökuliðum skipt í a.m.k. 3 deildir, efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum. Tilkynni fleiri en 11 lið sig til keppni í 2. deild kvenna, þá er stjórn KSÍ heimilt að skipta þátttökuliðum í fleiri deildir, en þá skal 2. deild kvenna skipuð 8-10 liðum og 3. deild kvenna skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í þremur efstu deildunum samkvæmt fyrirkomulagi skilgreindu í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
- 41.3 Stjórn KSÍ getur ákveðið að gefa deildum karla og kvenna nafn.
- 41.4 Í efstu deildum karla og kvenna, 1. deildum karla og kvenna, 2. deild karla, 3. deild karla og 4. deild karla er leikin að lágmarki tvöföld umferð þar sem hvert lið leikur tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal kveðið nánar á um fyrirkomulag móta, s.s. fjölda leikja í hverri deild, reglur um færslu liða á milli deilda og deildarmeistara. Breytingar á keppnisfyrirkomulagi skulu gerðar að höfðu samráði við þátttökulið þeirra deilda sem breytingin hefur áhrif á. Breytingar skulu kynntar aðildarfélögum KSÍ eigi síðar en 15. nóvember ár hvert fyrir komandi keppnistímabil. Endanlegar reglur um keppnisfyrirkomulag skulu vera staðfestar í reglugerð eigi síðar en 1. desember ár hvert fyrir komandi keppnistímabil.
- 41.5 Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi íþróttahéraði og staðfestar af KSÍ.

Greinargerð

Í lögum ÍSÍ kallast „héraðssambönd“ og „íþróttabandalög“ nú íþróttahéruð. Lagt er til að breyta hugtökum til samræmis við lög ÍSÍ ásamt því að umorða 1. gr. laganna um aðild að KSÍ. Í núverandi texta segir að KSÍ sé samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSÍ sem iðka og keppa í knattspyrnu. Í 4. gr. laganna segir síðan: „Öll félög, er iðka og keppa í knattspyrnu, eru aðilar að KSÍ.“ Önnur ákvæði laganna fjalla áfram um aðildarfélögin sem eru aðilar að KSÍ en ekki héraðssambönd og íþróttabandalög (nú íþróttahéruð). Félögin hafa rétt til þingsetu og þátttöku í kosningum en fulltrúar héraða hafa aðeins málfrelsi. Ákveðið misræmi er fólgið í núverandi 1. gr. laganna með tilliti til annarra ákvæða og lagt er til að leiðrétta það með því að áréttast að KSÍ sé samband aðildarfélaga innan íþróttahéraða og ÍSÍ.

Stjórn KSÍ